

tillaga að aukningu réttinda, sem ætla má að haft geti áhrif á getu sjóðsins til greiðslu lífeyris skal fylgja tryggingafræðileg úttekt á afleiðingum breytingarinnar á gjaldhæfi sjóðsins. Breytingartillögu, sem skert getur stöðu sjóðsins svo hann fullnægi ekki lágmarkskröfum samkvæmt samningi milli ASÍ og VSÍ um lífeyrismál, 12. desember 1995, með síðari breytingum, skal vísað frá ársfundi. Tillögur um breytingar á ákvæðum reglugerðarinnar, sem byggja á ákvæðum kjarasamninga, svo sem um breytingar á iðgjöldum eða stjórnskipan sjóðsins verða einungis teknar fyrir á ársfundi, að undangenginni breytingu á kjarasamningi aðila, eða jafngildu samþykki aðildarfélag sjóðsins. Tillögur um reglugerðarbreytingar skulu liggja frammi á skrifstofu sjóðsins í tvær vikur fyrir ársfund og það auglýst þannig að sjóðfélögum gefist kostur á að koma að athugasemdum á ársfundi.

- 22.2. Reglugerðarbreytingar taka því aðeins gildi að þær hljóti samþykki a.m.k. 2/3 hluta fulltrúa í fulltrúaráði á ársfundi og hafi hlotið staðfestingu fjármálaráðuneytisins.

23. Gildistaka.

- 23.1. Reglugerð þessi kemur í stað reglugerðar þeirrar, sem gilt hefur frá 1. ágúst 1995, og gildir frá 1. júlí 1996.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerð þessi hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 23. september 1996.

F. h. r.

Áslaug Guðjónsdóttir.

Hermann Jónasson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 422/1996 um útflutning á kindakjöti.

1. gr.

Aftan við orðin „...í ágúst 1996“, í a-lið 2. gr. reglugerðarinnar, kemur: ... þó að lágmarki 180 kg.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum, og óðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 30. september 1996.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.